

Hjólreiðapings 2023 - 25. febrúar 2023 kl. 14.00.

Í sal Víkings við Safamýri

a) Þingsetning.

Bjarni formaður HRÍ setur þingið kl. 1400.

b) Kosning þriggja manna í kjörbréfanefnd. Nefndin skal yfir fara kjörbréf og gera grein fyrir störfum sínum áður en dagskrárliður hefst.

Hrönn J óns, Hjalti Hjartarson og Hannes Víking – samþykkt. Taka saman kjörbréf.

c) Kosning fyrsta og annars þingforseta.

Valdimar Leó Friðriksson – samþykkt.

d) Kosning fyrsta og annars þingritara.

Elsa Gunnarsdótt, samþykkt. Margrét Arna til vara, samþykkt.

Boðun til þings var lögleg og samþykkt. Engar athugasemdir.

e) Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.

Bjarni formaður fer yfir skýrslu stjórnar. Sjá viðauka 1.

f) Gjaldkeri leggur fram skoðaða reikninga HRÍ.

Guðfinnur gjaldkeri fer yfir reikninga. Sjá viðauka 2.

Hrönn fer yfir kjörbréf. 32 virk atkvæði af 46. Bjartur, Höfrungur, 3n fjarverandi.

g) Umræður og atkvæðagreiðsla um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.

Heiða Vestri. Spyr um gjöld til félaga. Það var hækkað og samþykkt á síðast þingi.

Jón Ingi Breiðablik – áætlað var í fyrra styrki 4mkr. Er eitthvað í framtíðinni um styrkja mál. Við erum ekki að gera ráð fyrir þeim í áætlun en vonum auðvitað það best.

Hrönn Tindur – Spyr hvort hægt sé að setja næst inn áætlun með raun tölum frá síðasta ári. Stjórn skoðar að bæta því inn fyrir næsta þing.

Hannes Hannesson – Víkingur. Það er stutt í næsta keppnistímabil. Ef ekkert er í hendi með styrki, hvernig á að bregðast við þessu tapi og styrkjum fyrir næsta ár. Þetta verður rætt þegar farið verður yfir áætlun.

Valdimar þingforseti – bendir á að framkvæmdastjóri ÍSÍ situr í salnum og bendir á að hægt væri að hækka ríkisstyrk til sérsambanda sem á að styðja við skrifstofuhald. Pressa frá fleiri samböndum er þó æskileg.

Valdimar bendir á að hægt er að sækja útbreiðslustyrki til UMFÍ líka – fræðslusjóður fyrir átaksverkefni.

Atkvæðagreiðsla

Samþykkt skýrslu – samþykkt samhljóða

Reikingar félagsing – samþykkt samhljóða

h) Ávörp gesta

Andri Stefánsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ.

Fyrsta landsliðsverkefni 1995 – Lúxemburg. HRI 10 ára á næsta ári, 2024. Fjármögnun sambandsins stór áskorun. Mikilvægt er að áætlun liggi til hliðsjónar við reikninga til að hægt sé að skoða frávík frá áætlun, ekki endilega frá rekstri ársins á undan.

Afrekssjóður og afrekssmál innan ÍSÍ. Allskonar í skoðun varðandi þetta málefni, t.d. með ráðningu nýs afrekisstjóra hjá ÍSÍ. Að allir geti unnið saman innan íþróttá á Íslandi, innan hjólreiða á Íslandi.

i) Skipað í starfsnefndir þingsins.

Sleppa

j) Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfstímabil, ásamt tillögum um félagagjöld og keppnisgjöld.

Bjarni formaður. Sjá viðauka 3.

Engar tillögur frá stjórn um breytingar á félagsgjöldum og keppnisgjöldum.

Hjalti – stingur uppá að hækka keppnisgjöld uppí 2000 kr. Það vantar meira fjármagn inní starf HRÍ. Hann óskar eftir frekari hugmyndum til að auka tekjur sambandsins. Ekkert keppnisgjald er yfir 19 ára og yngri og það helst óbreytt.

Hrönn Tindur – algjörlega mótfallin að hækka keppnisgjald. Skorar á önnur félög að halda niðri keppnisgjöldum.

Hannes Hannesson Víkingur – tekur undir með Hrönn. Það vantar fleiri keppendur í mótin og því viljum við ekki hækka gjöldin. Honum þykir athugasemdir að við sættum okkur við 0 kr. í styrki. Hann vill sjá styrktaraðila að mótaraðum eða að öðru innan HRI. Skipa ætti nefnd til að vinna í styrkjamálum, viss um að hægt sé að gera betur.

Hjalti Hjartarson Breiðablik – upplýsir þingið að það sé reyndar einn styrkur komin frá Rannís fyrir hæfileikabúðum. Hvernig er best sem dæmi ef það er seld mótarað, hver ætlar að vinna vinnuna tengd því að setja upp merkingar og fleira þess háttar.

Heiða Jónsdóttir Vestri – langaði að benda inná að kostnaður við mismunandi mót er mismunandi, sem dæmi við Enduro mót þar sem þarf að leigja mun meiri kostnaður við tímatöku.

Andri – hægt er að sækja um styrk í sjóð sem t.d. golfsambönd hafa verið að sækja í. Íþróttasjóður (1 okt – hægt að sækja um fyrir búnað þar). Sækja um hjá ólympíu hreyfingunni í átaksverkefni. En alltaf er það spurning um hver á að vinna vinnuna. Lýðheilsa er mikil áhersla

hjá ríkisstjórninni í ár, klárlega hægt að nýta það í tengslum við hjólreiðar. Vil líka fara betur yfir framsetningu

Hrönn Tindur – ef það koma inn styrkir, í hvað eiga þeir að fara? Afreksmál, innanlands, utanlands? Varðandi það að selja mótaraðir; það sé mikilvægt að allir komi að því. Þar sem Tindur hefur verið með styrktaraðila að sínum mótum þá er ekki hægt að búa til mótarið án þess að allir komi að málinu.

Bjarni formaður – það er einmitt þetta sem er erfitt að vinna með; og hvernig þetta er unnið. Verið er að vinna í allskonar málum, en ekkert í hendi enn.

Thomas Tindur – hækkun keppnisgjalda. Það eru félög sem halda keppni utan HRI sem eru jafnvel ekki eins viljug til að halda keppni innan HRI. Frekar að hvetja öll félög til að halda fleiri mót og styðja við það; sem dæmi eru sum stærstu félög innan HRI sem halda ekki götuhjólámót.

Helgi Berg BFH – ósammála hækkun á keppnisgjöldum. Hvert ættu styrkir að fara – ungliðastarf mikið búið að aukast og best að nýta styrkina í þá frekar en eldri keppendur eins og var meira um áður. Mótahald – BFH gerði tilraun til að ráða keppnisstjóra en hans hlutverk var að fá styrktaraðila og fékk þá % af þeim styrk sem laun og það virkaði og gekk vel.

Margrét Arna Tindur – góðir punktar og góða hugmyndir. Hættum að benda hvert á annað, vinnum meira saman og vinnum sem heild.

Valdimar Leó - bendir á styrki hjá USMK fyrir Breiðablik. Bendir á útbreiðslusjóð.

María Breiðablik – Breiðablik hefur sótt um ár eftir ár í sjóði umsk og hefur aðeins fengið styrk 1x og fær jafnvel ekki svör þegar sótt er um.

Tillaga um óbreytt keppnisgjald og félagsgjald samþykkt. Hjalti ósamþykktur.

Fjarhagsáætlun – samþykkt með þorra þingfulltrúa.

k) Lagðar fram lagabreytingar sem stjórninni hafa borist með löglegum fyrirvara.

Sjá viðauka 4.

Breyting á 5 gr – ósamþykkt, vísað frá.

Hjalti Breiðablik – ósammála þessari tillögu, hann vill að ný stjórn taki til starfa sem fyrst.

Hrönn Tindur – ef stjórn starfar af heilug og allt gengur vel þá á þetta ekki að skipta máli. Er ánægð með hvernig þetta er núna.

Akureyri - Við erum á móti. Of nálægt keppnistímabili. Vont að fá breytingar á gjöldum og öðrum svona nálægt. Við erum t.d. búin að semja við Mývatn núna um okkar bikarmót.

Breyting á 10 gr – samþykkt með meirihluta gegn 6.

Engin umræða

l) Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.

Hrönn Jóns Tindur – tillaga frá stjórn Tind: keppnisástand um veður, að fella niður veður og þess háttar. Sjá viðauka 6. Vilja setja inn reglur í keppnisreglur til að reglur séu skýrar og mótshaldari geti stuðst við þær

Helgi Berg BFH – styður að setja inn einhvers konar reglur tengdar þessu.

Hjalti Hjartar Breiðablik – vil setja meiri völd í hendur á mótshaldara. Vil vísa þessu til mótanefndar og dómara

Hrönn – ekki endilega þröng viðmið, heldur td að börn upplifi sig örugg í þeim mótum sem þau taka þátt.

Svanur Tindur – formaður mótanefndar. Tekur öllu svona fagnandi, þetta verður skoðað. Erfitt að setja svona reglur fyrir mismunandi keppnir, landslag og aðstæður oft mjög misjafnt og erfitt að meta. Í dag er þetta í höndum mótshaldara en þetta verður skoðað.

Margrét Arna Tindur – ef keppni er felld niður, er hún felld niður eða frestað? Þetta þarf líka að vera skýrt, hvað verður um bikarmótaröð ef mót er felld niður.

m) Nefndaálit og tillögur.

n) Umræður og atkvæðagreiðsla um lagabreytingar og framkomin mál.

o) Önnur mál.

Svanur Tindur – fráfarandi formaður mótanefndar. Reynum að hafa 1 frá hverju félagi. Eru 7 búnir að vera á þessu tímabili. Stjórn HRI hefur tekið þátt í samtalinu. Viljum að öll félög séu að halda mót. Viljum að allir komi að borðinu. Nefndin heldur utan um dagskrána. Félögin ákveða hvaða mót þau halda en HRI passar að það sé haldið nóg af mótum. Nefndin heldur utan um keppnisreglur, fer yfir og uppfærir á hverju ári. Ef upp koma dæmingar í mótum er farið yfir það og skoðað með tilliti til reglna. Ef keppendur vilja færa sig um flokka þá er það tekið fyrir hjá mótanefnd. Hann hvetur öll félög til að hafa fulltrúa í mótanefnd. Farið var yfir reglurnar en engar stórvægilega breytingar fyrir sumarið. Engin breyting á gjaldi.

Varðandi tímatöku – þurfum að hafa meira aðhald í tímatöku; þetta er aðal kostnaðurinn við mótahaldið. Í pósti sem fer út á keppnishaldara er alveg skýrt að mótshaldari skal sækja búnað, setja hann upp, deila út flögum, taka búnaðinn niður. Þetta hefur eitthvað misfarist og mikilvægt að öll félög geri þetta fyrir öll mót. Tímataka þarf ekki að vera á staðnum nema bara ef það er endamarksmýndavél.

Kærufrestur hefur verið stytur úr 60 mín. í 30 mín. Dómari getur líka óskað eftir á mótsstað hvort eitthvað er um kærur.

Að lágmarki 4 keppendur til að geta orðið Íslandsmeistari í elite.

Engar takmarkanir í gírurum hjá junior og yngri.

Engar viðurkenningar í aldurflokkum.

Mótshaldari getur óskað eftir sameiningu flokka.

Auknar öryggisreglur í DH, fleiri hlífar til að auka öryggis keppenda.

Margrét Arna – varðandi sameiningu á flokkum, er hægt að setja inn þannig að það sé tímamörku hvenær það er gert. Helst strax að lokinni skráningu.

Helgi Berg – hvaða hlífðarbúnaði er verið að bæta inn

Björgvin T – bætt inn skv. reglum frá UCI, man ekki alveg en hægt að sjá bara í reglunum.

Svanur – mótadagskrá. Sjá mótadagskrá. 33 mót á dagskrá næsta sumar á vegum HRI. 7 mót til viðbótar utan HRI.

Smá vonbrigði að ekki fékkst félag til að halda fjórða götuhjólamótið.

Thomas – til eru dæmi að félög séu sektuð ef þau halda ekki mót; eða hvetja þau til að halda mót saman. Einnig dæmi að keppendur kaupi sínar eigin flögur og númer til að nota í mót til að minnka vinnu við að deila

Helgi Berg BFH – félög oft treg til að halda mót þar sem það er erfitt að fá sjálfboðaliða til að vinna við mótin. Ef keppendur skaffa sjálfboðaliða til að vinna við mót fær keppandi afslátt af keppnisgjöldum.

Svanur – Tindur gefur sínum sjálfboðaliðum frítt á lokahóf sem vinna við mót.

Viðar Vestri – spyr hvernig virkar hjá Tind þegar þeir eru með styrktaraðliða að mótum.

Hrönn – alveg til í að deila með hvernig þau gera þetta og hvernig þau nýta sína peninga, yfirleitt einhver smá hagnaður af mótahaldi.

Svanur – búin að halda mjög mörg mót en það sem dregur mest úr krafinum er þátttaka í mótum, ekki að fá inn sjálfboðaliða.

Hjólreiðafélag Vesturlands – ný í sportinu, fannst erfitt að finna út úr hvert ætti að leita varðandi mót.

Thomas – Andri talaði um áðan ábyrgð sjálfboðaliða. Stundum erum við að stýra umferð í mótahaldi. Vil hafa sýrt hver er ábyrgð sjálfboðaliða í svona málum.

Svanur – viljum bara halda áfram að bæta starfið í kringum mótahald.

Hjólreiðafélag Vesturlands – spyr hvort að séu engar reglur um hvernig hjól má í hvernig keppni?

Svanur – jú klárlega. Það eru mót utan hri sem hafa ekki skýrar reglur um þetta.

Hjalti Hjartarson Breiðablik – fór á dómaraáðstefnum í Riga um daginn. Oft mjög erfitt að fá dómara í mót; verður haldið dómaramót fljótlega fyrir verðandi dómara og mótshaldara.

Björgvin Tómasson BFH og landsliðs og afreknefnd – endurnýjaður samningur við Mikael, Hafa lagt áherslu á unga fólkið; búíð að mynda smá ramma fyrir alþjóðleg verkefni fyrir sumarið, verið að vinna í að setja nöfn á verkefni; hæfileikabúðir 28-30 apríl; 3 mars er planið að búíð verði að eyrnamerkja afrekshóp sem mun þá fara inná fyrsta fund nýrrar stjórnar til samþykktar.

Svanur Tind – spurning til stjórnar og allra félaga. Hver er staðan í aðstöðu málum hjá félögum og hvert er markmiðið næstu 5 ár??

Bjarni formaður – eina aðstaða sem HRI hefur er skrifstofa í húsi hjá ÍSÍ. Vantar mögulega einhverjar geymslur. Væri gaman að fá Velodrom, fjarlægur draumur kannski?

Hrönn – hefur HRI hlutast til að við að leggja til Velodrom eða aðrar brautir einhver staðar? Það hefur ekki verið gert. Hrönn bíður sig fram til að fara í slíka vinnu.

Helga Berg formaður BMX félagsins – eru að vinna í því að fá staðfesta braut frá einu sveitarfélagi á höfuðborgarsvæðinu. Hann vill þakka félögum fyrir veitta styrki sem nýttir voru t.d. til kaupa á BMX hjólum sem verður notuð í sumar á BMX námskeiðum á pump track braut í Garðabæ.

Þórdís formaður HFR – langar að biðja um greiða. Langar að biðja félög til að styrkja Elís Huga sem lenti í hjólreiðaslysi síðasta sumar þar sem hann er lamaður frá brjósti og niður til að kaupa sérstakt rafmagnshjól fyrir hann til að komast út og geta verið á meðal vina. Vantar hugmyndir að því hvernig er hægt að fjármagna slíkt, með einhvers konar viðburðum eða fjáröflun.

Í framhaldi af slysinu gerði Þórdís sem mótshaldari skýrslu sem var senda á Bjarna en langar að fara yfir hana með okkur. Skipti griðarlega miklu máli að foreldrar voru á staðnum. Voru með nokkuð af ungliðum úr björgunarsveitum á staðnum. Eru reglur um slíkt í keppnisreglum? Voru búin að láta sjúkrabíla af viðburðinum sem stytta þeirra viðbragðstíma. Skyndihjálparfólk, mikilvægt að hafa á staðnum. Getum við gert eitthvað til að hafa leyfi til að kalla til þyrlu? Höfum ekki heimild til þess, einungis sjúkrabílstjórar. Sem mótshaldari þar hún ein alla ábyrgð á mótinu. Ættum við að hafa aðila sem taka út svona brautir og samþykkja hana, til að deila ábyrgðinni.

Leggur til sérstaka brautarskoðunarmenn fyrir öll DH mót.

Kröfur til keppenda. Aldurstakmark. Getum við farið fram á að þjálfarar kvitti uppá að krakka geti keppt? Eða leyfa foreldrum að samþykkja sín börn? Aldur og geta fara oft alls ekki saman.

Fjölmiðlar – Þórdís leggur til að öll samskipti fari fram í gegnum HRI, skriflega.

Það þarf að setja saman reglur þegar svona kemur upp – taka út nafnalista af tímatöku, nafnalista af HRÍ og fleira. Að segja eitthvað til um hinn slasaða er brot á persónuvernd.

Tryggingar – keppendur eru ekki tryggðir í gegnum HRI. Slysaftrygging vegna vinnutaps, örorku, endurhæfing.

Sjálfbóðaliðar – áhugavert að fylgjast með málinu á Akureyri vegna hoppukastalans

Björgunarsveitir – gera samning við þau.

Mennta ungmennin í skyndihjálpar – ef slys hefði t.d gerst daginn áður á æfingadegi.

Tindur klárlega til að aðstoða við einhvern viðburð til fjáröflunar.

Hrönn – takk fyrir að deila.

Bjarni – fjölmiðlar voru strax í sambandi til að fá upplýsingar um slasaða aðilann.

Tryggingamál – mikilvægt að fólk kynni sér það vel.

Er hægt að kaupa sér tryggingar erlendis?

Fá skýrslur frá Svani og Björgvini fyrir viðauka.

p) Álit kjörnefndar.

Hrönn – Helgi Berg og Nóni með í nefndinni. Sent á stjórnir félaga um framboð í stjórn. Í framboði eru til stjórnar:

q) Kosning kjörnefndar

Framboð til kjörnefndar. Engin framboð. Tillögur í kjörnefnd, 3. stk. Hannes Víking, María Breiðablik, Hrönn Tind. Samþykkt samhljóða.

r) Kosning stjórnar sbr. 10. gr.

Bjarni UMFG til formanns.

Margrét Arna Tind til stjórnar til 1 árs.

Sigurður Ólafsson BFH til 2 ja ára.

Ólafur Haraldsson Bjarts til 2ja ára.

Ása Guðný Ásgeirsdóttir HFR til 2ja ára.

Ekki fleiri framboð, öll sjálfkjörin.

s) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.

Hannes Hannesson Víking og Gunnlaugur Þráinsson Víking – halda áfram.

t) Kosning fulltrúa og varafulltrúa HRÍ á Íþróttaping ÍSÍ árið sem Íþróttaping fer fram, skv. Lögum ÍSÍ.

5 maí – tillögu vísað til stjórnar. Samþykkt.

HRI hefur 2 sæti.

u) Þingslit.

Bjarni fomaður slítur þingi kl. 16:40